

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta - The National Union of Icelandic Students

Established 2013



Reykjavík, 22. júlí 2020

Stuðningsfirlýsing við umsögn Rauða Krossins um breytingar á lögum um útlendinga

Landssamtök íslenskra stúdenta, hér eftir LÍS, lýsa yfir stuðningi við [umsögn Rauða Krossins](#) um frumvarp til laga [1228/150](#) um breytingar á lögum um útlendinga og atvinnuréttindi útlendinga. Breytingar lagðar til í frumvarpinu eru í andstöðu við íslenskar og einnig alþjóðlegar reglugerðir og stofnanir. Það má sér í lagi nefna breytingartillögu á 2. mgr. 6. gr. útlendingalaga [80/2016](#) þar sem kveðið er á um að umsækjendur frá svokölluðum „öruggum ríkjum“ verða fyrir ríkari sönnunarkröfum, breytingartillaga sem fer á móti ákvæðum íslenskra stjórnsýslulaga nr. [37/1993](#) sem banna mismunun á grundvelli þjóðernis meðal annars. Frumvarpið skýtur jafnframt skökku við tilmæli Flóttamannastofnunar Sameinuðu Þjóðanna þar sem verið er að hvetja öll aðildarríki Dyflinnarreglugerðarinnar til fullrar beitingar 17. gr. þessarar reglugerðar. Þetta myndi fela í sér það að Ísland bæri ábyrgð á flóttamönnum til Evrópu sem frumvarpshöfundur sýnist ekki vilja að þjóðin taki að sér. LÍS vilja að vel verði tekið á móti þessum hóp þar sem þau telja að stúdentar af erlendum uppruna auðga samfélagið og stuðla að víðsýni og framþróun eins fram kemur í [stefnu LÍS um alþjóðavæðingu í íslensku háskólasamfélagi](#). LÍS taka undir með Rauða Krossinum og vona að frumvarpið sem hér er að ræða verði ekki að lögum í núverandi mynd. Þessi félagshópur er í mikilli hættu og þess vegna er það þörf að hjálpa þeim.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta

Derek Terell Allen, jafnréttisfulltrúi